

Nr. 17-056 S 039 Svalur HU 124***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6816
Útgerð: JGJ ehf.
Smíðaður: Hafnarfjörður 1986, plast
Stærð: 6,04 bt.
Mesta lengd: 9,26 m Skráð lengd: 8,69 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,72 m
Vél: Cummins 187 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 1



Svalur©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. maí 2017 var Svalur HU 124 á strandveiðum í Húnaflóa. Veður: N 4 m/s.

Tilkynnt var um að Svalur HU 124 væri vélarvana og óskað eftir aðstoð. Bogga í Vík HU dró bátinn til hafnar á Skagaströnd.

Við rannsókn kom fram:

- að eldsneytissíurnar, sem voru systrasíur af gerðinni Racor, stífluðust;
- að tveir olúgeymar voru í bátnum, fremri og aftari. Nýlega var búið að opna þann fremri og hreinsa en engin óhreinindi voru í honum. Eftir atvikið var aftari olútankurinn skoðaður og í ljós kom mikill bakteríugróður í honum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á að til að koma í veg fyrir bakteríugróður í olúgeymum er gott ráð að hafa þá fulla af olú þegar bátarnir eru látnir standa upp á landi til lengri tíma sem og að hreinsa þá reglulega.